

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 1.nóvember 2019

## Umsögn Neytendasamtakanna um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur sett til umsagnar drög að nýrri reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar. Um er að ræða uppfærslu á eldri reglugerð þar sem nánar er kveðið á um rétt neytenda og skyldur sölu- og veitufyrirtækja gagnvart neytendum.

Fram kemur að markmið reglugerðarinnar sé að efla neytendavernd á sviði raforkumála, stuðla að einföldun regluverks og rafrænni stjórnsýslu, og að sama skapi að liðka fyrir aðkomu nýrra aðila á smásölumarkað raforku en það sé mikilvægur liður í því að efla samkeppni á raforkumarkaði með hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Í núgildandi reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1050/2004, kemur fram í 2. mgr. 7. gr. að:

*"Staðlaður samningur um viðskipti með raforku milli sölufyrirtækis og almenns notanda skal liggja til grundvallar viðskiptum með raforku. Samningsaðilum er þó heimilt að gera með sér sérsamning, og skal slíkur samningur vera skriflegur. Uppsögn raforkusamninga skal vera skrifleg."*

Samkvæmt framangreindu ákvæði þarf að liggja fyrir staðlaður samningur um viðskiptin sem er . Neytendasamtökin telja það auka neytendavernd að slíkur samningur liggi fyrir.

Eftirfarandi ákvæði 11. mgr. 7. gr. í drögum vekja athygli Neytendasamtakanna::

*"Fyrir 1. janúar 2021 skulu sölufyrirtæki hafa gert staðlaðan samning við notendur um viðskipti með raforku."*

Með því að fella niður núgildandi skyldur um staðlaðan samning milli aðila og taka hana síðan upp 1. janúar 2021 eru réttindi neytenda rýrður og dregið úr neytendavernd. Þetta ákvæði skýtur því skökku við og gengur gegn markmiðum nýrrar reglugerðar sem er að efla neytendavernd og skyldur söluaðila gagnvart neytendum.

Neytendasamtökin árétta mikilvægi þess að ýtt sé undir samkeppni í raforkusölu til heimila og benda á að í skýrslu Eflu „Raforkuverð og þróun samkeppni á raforkumarkaði“ frá 3. apríl 2019, kemur fram að á öllu árinu 2017 voru söluaðilaskiptin hjá heimilum einungis um 370, en heildarfjöldi íbúða á landinu er um 140 þúsund. Þó er verðmunur hæsta og lægsta kWst raforku um 12% (aurbjorg.is). Þá kemur fram í skýrslunni að raforkuverð til heimila hafi hækkað nokkuð undanfarinn áratug en á sama tíma lækkað til atvinnufyrirtækja. Því er ljóst að kappkosta verður að gera almennum notendum eins auðvelt og hægt er að velja hagkvæmasta söluaðila raforku.

Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna  
Breki Karlsson, formaður



---